

Nýr samningur skapar forsendur fyrir að HÍ komist í fremstu röð í heiminum – rannsóknarframlög þrefölduð



Kristín Ingólfssdóttir, rektor HÍ, kynningur samninginn í dag.
©mbl.is/Kristinn

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, og Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, skrifuðu í dag undir samning um kennslu og rannsóknir við skólann. Samningurinn er til fimm ára, frá og með árinu 2007 til ársins 2011. Markmið samningsins er að tryggja gæði kennslu og rannsókna við Háskólann og stuðla að metnaðarfullri framþróun í starfsemi skólans á samningstímanum. Jafnframt eru með samningnum skapaðar forsendur fyrir því að Háskóli Íslands öðlist viðurkenningu í framtíðinni sem háskóli í fremstu röð í heiminum.

Fjárframlög skólans voru hækkuð um 300 milljónir króna á fjárlögum 2007 í tengslum við samninginn. Rannsóknarframlög til skólans munu hækka um 640 milljónir króna árlega á tímabilinu 2008-2011 og hafa þá hækkað um tæpa þrjú milljarða í lok samningstímabilsins, árið 2011. Í langtímaáætlun um útgjöld ríkisins er jafnframt gert ráð fyrir að framlög til háskólastigsins aukist árlega um 3,5% vegna fjölgunar nemenda.

Samningurinn felur í sér að fjárveitingar ríkisins til rannsókna við Háskóla Íslands þrefaldast á samningstímanum. Þá munu framlög ríkisins til kennslu og rannsókna aukast á samningstímanum um samtals 75% samanborið við framlög á fjárlögum árið 2006. Á fjárlögum 2006 voru bein framlög til rannsókna við Háskólann um 43% af kennsluframlagi. Í lok samningstímans verður það hlutfall komið yfir 100%.

Í samningnum er meðal annars stefnt að því að stórefla

rannsóknatengt framhaldsnám við Háskólann með því að fimmfalda fjölda brautskráðra doktora og tvöfalda fjölda brautskráðra meistaranema á samningstímabilinu. Framboð námskeiða í framhaldsnámi verður aukið, m.a. með auknu samstarfi við erlenda háskóla. Samfara því er stefnt að auknum afköstum í rannsóknum og eflingu á gæðum þeirra. Fjölga á birtingum vísindagreina kennara við Háskóla Íslands í virtum, alþjóðlegum, ritrýndum tímaritum og útgáfu bóka gefnum út hjá virtum bókaútgefendum. Fjárframlög til kaupa á rannsóknatækjum verður aukið til muna. Áhersla er lögð á að tryggja gæði kennslu og rannsókna í greinum sem hafa sérstaka þýðingu fyrir íslenska þjóðmenningu og fræðilega breidd og fjölbreytni í háskólastarfsemi á Íslandi.

Einnig á að nýta fjölbreytileika Háskóla Íslands til að efla þverfræðilegar rannsóknir með það að markmiði að skapa nýja þekkingu og fræðasvið og efla tengsl við atvinnu- og þjóðlíf. Áætlað er að starfsemi Vísindagarða Háskóla Íslands í Vatnsmýrinni hefjist fyrir lok 2007. Þar verði frjór vettvangur samstarfs Háskóla Íslands og sprotafyrirtækja, nýsköpunar- og hátækniyrirtækja, rannsóknastofnana og fleiri skyldra aðila.

Kveðið er á um að styrkja skuli stjórnkerfi Háskóla Íslands. Skipting Háskóla Íslands í deildir og skorir verður endurskoðuð í því skyni að efla starfseiningar hans. Samtímis verður stoðþjónusta við kennara og nemendur styrkt til þess að skapa fyrirmyndar námsumhverfi. Lögð er áhersla á að bæta kennslustofur og tæknibúnað, lesaðstöðu, félagsaðstöðu, bóka kaup og aðgang að rafrænum tímaritum og gagnasöfnun.

Gert er ráð fyrir að Háskólinn þrói gæðamatskerfi fyrir lok árs 2007 sem felur í sér fjölbreyttar leiðir til að meta gæði náms og kennslu. Fyrir lok árs 2008 verður innleitt nýtt vinnuamatskerfi kennslu sem er ætlað að hvetja til góðra kennsluhátta og þróunarverkefna. Jafnframt mun Háskólinn móta sér skýra stefnu um fjarkennslu fyrir árslok 2007 og verður hún eflað í völdum greinum. Styrkja á samstarf við landsbyggðina. Unnið verður að sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands eins og tilefni er til í samræmi við ákvörðun Alþingis.

Háskóla Íslands er ætlað að auka tekjur sínar úr innlendum, norrænum, evrópskum og norðuramerískum samkeppnissjóðum um 100% fram til ársins 2011. Þá er auknum framlögum í Rannsóknasjóð Háskólans ætlað að efla doktorsnám og að undirbúa umsóknir til alþjóðlegra samkeppnissjóða.

Menntamálaráðherra og Akureyrarbær gera þriggja ára samning um menningarmál á Akureyri

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, og Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, undirrituðu nýverið þriggja ára [samning](#) um samstarf menntamálaráðuneytis og Akureyrarbæjar um menningarmál í bænum. Samningurinn hljóðar upp á samtals 360 m.kr. framlag ríkisins og gildir til ársloka 2009. Markmið samningsins er að efla hlutverk Akureyrar í lista- og menningarlífi á Íslandi. Með stuðningi við meginstofnanir á sviði myndlistar, tónlistar og leiklistar vilja samningsaðilar stuðla að því að Akureyri verði þungamiðja öflugs menningarstarfs, með möguleikum til aukinnar atvinnuþróunar á listasviði. Á samningstímanum verður tekið í notkun nýtt menningarhús sem lýtur að sömu markmiðum.

Samningsaðilar eru sammála um að meginverkefni samningsins séu að efla starf Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands, að efla starf Listasafnsins á Akureyri sem meginstoðar myndlistar utan höfuðborgarsvæðisins, að efla starfsemi atvinnuleikhúss á Akureyri, að Amtsbókasafnið geti gegnt hlutverki sínu sem eitt af

skylduskilasöfnum í landinu, og að kynna fornleifaverkefnið að Gásum og miðla þeirri þekkingu sem til hefur orðið. Fyrsti samningurinn um framlög ríkisins til menningarmála er tengjast Akureyrarbæ var undirritaður árið 1996 og hefur verið endurnýjaður reglulega síðan.

Ráðning landsbókavarðar

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, hefur skipað Ingibjörgu Steinunni Sverrisdóttur í embætti landsbókavarðar til fimm ára, frá 1. apríl 2007 næstkomandi. Menntamálaráðuneyti bárust alls sex umsóknir um embættið.

Ingibjörg Steinunn er fædd árið 1955. Hún útskrifaðist með meistaraþráðu í opinberri stjórnáslu (M.P.A.) árið 2006 frá Háskóla Íslands og meistaraþráðu í bókasafns- og upplýsingafræði frá sama skóla árið 1996. Hún stundaði nám í uppeldis- og kennslufræði við Háskóla Íslands 1988 - 1989 og nam sagnfræði við Háskólann í Lundi árið 1989 - 1990. Ingibjörg Steinunn hlaut B.A. gráðu í bókasafnsfræði og bókmenntasögu frá Háskóla Íslands árið 1978. Hún hefur starfað við bókasöfn, skjalasöfn og skjalastjórn nær samfellt frá árinu 1978.

